

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands, fimmtudaginn 2. júlí 2009. Fundurinn var haldinn í Hermes á Reyðarfirði og hófst hann kl. 16:00. Fundurinn var annar fundur stjórnar á árinu. Mætt voru: Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, Práinn Lárusson, Svanhvít Aradóttir, Einar Björn Kristbergsson og Sigurbjörn Marinósson.

1. Starfsmannamál

Ásta María Hjaltadóttir, kennsluráðgjafi (var í 20% stöðu) er hætt. Björg Þorvaldsdóttir, kennsluráðgjafi er tilbúin að vera áfram sem verktaki. Aðrir starfsmenn verða áfram í óbreyttum starfshlutföllum.

Stjórnin er sammála um að ráða ekki fleiri að svo stöddu.

2. Staða mála

Nánast engin biðlisti er hjá kennsluráðgjöfum/talmeinafræðingi.

Hjá sálfræðingum eru 58 börn á biðlista (voru 86 í upphafi síðasta skólaárs). Sálfræðingar hafa lokið um 150 málum á skólaárinu.

Verkefnisstjórnun í Olweusarverkefninu hefur skilað sér vel í skólum Fjarðabyggðar og á Fljótsdalshéraði (Grunnskólanum Egilstöðum og Eiðum).

Fjárhagsstaða. Reikningar fyrir árið 2008 eru í burðarliðnum. Staðan 2009 er góð, þ.e. er innan marka áætlunar.

3. Endurmenntunarnámskeið

- Sótt var um fyrir fimm verkefni í Endurmenntunarsjóð Grunnskóla. Skólaskrifstofan fékk kr. 850.500,- þar af voru kr. 94.000,- í samstarfsverkefni til Fjarðabyggðar. Þátttökuskráningar á námskeiðin eru góðar, um 170 manns skráðir.
- Önnur verkefni og námskeið: Stefnt er að því að halda námskeiðið „Vinir Zippýs“ í haust en það námskeið varð að fella niður í fyrra vegna lítillar þátttöku.
- Aðalheiður sálfræðingur hefur verið með fræðslu um ADHD fyrir fullorðna hjá Starfsendurhæfingu Austurlands.
- Stefnt er að því að halda námskeiðið „Klókir krakkar“ í haust í Fjarðabyggð, en María Huld, sálfræðingur og Orri Smáráson, sálfræðingur hjá HSA voru með samskonar námskeið á Fljótsdalshéraði sl. vetur.
- Rætt um þróunarverkefni vegna ráðgjafar barna með einhverfu sem er í samstarfi við GRR og fleiri, en það fer fram í gegnum fjarfundarbúnað og er ný hafið. Markmiðið með verkefninu er m.a. að byggja upp sérhæfða þekkingu á einhverfu fyrir ráðgjafateymi í heimabyggð.
- Stefnt er að því að halda Teacch – námskeið í september í samstarfi við Greiningarstöð (GRR).
- Fjarðabyggð hefur óskað eftir að sérfræðingar Skólaskrifstofunnar komi að skólafærninámskeiðum í skólum Fjarðabyggðar í haust.

4. Önnur mál

Bréf og gögn sem voru kynnt og rædd:

- a) Bréf frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Ákveðið hefur verið að senda danskan farkennara á haustönn í Fjarðabyggð. Málið er í vinnslu.
- b) Bréf frá Menntamálaráðuneytinu vegna tilkynningar um undirbúning viðbragðsáætlana vegna inflúensufaraldurs. Bréf mun berast skólastjórum á haustdögum um málið.
- c) Bréf frá Menntamálaráðuneyti með svari við fyrirspurn vegna birtinga auglýsinga um lausar kennarastöður. Bent er á afstöðu samningsaðila.
- d) Stefán Hreiðarsson á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins fékk svar frá Sigurbirni varðandi snemmtæka íhlutun í leikskólum. Starfsmenn Skólaskrifstofu setja fyrirvara um að geta setið í öllum teymum sem verða til, en verða að sjálfsgöðu til aðstoðar og samstarfs áfram.
- e) Reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi.
- f) Félag náms- og starfsráðgjafa vekur athygli á nýsamþykktum lögum um náms- og starfsráðgjafa.
- g) Kynnt framlenging á rekstrarleigusamningi á Skoda YL-538.
- h) Kynnt framlenging á samningi um iðjuþjálfun.
- i) Sigurbjörn sagði frá starfsdegi starfsfólks á Skólaskrifstofunni 30. júní sl. Þar voru m.a. kynntar og ræddar uppeldisstefnur.
- j) Stjórnin vill koma á framfæri þakklæti til starfsfólks Skólaskrifstofunnar fyrir mjög góð störf, sem oft eru unnin undir miklu álagi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið, kl. 17:25

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, fundarritari (sign).

Þráinn Lárusson (sign).

Svanhvít Aradóttir (sign).

Einar Björn Kristbergsson (sign).

Sigurbjörn Marinósson (sign).